

# Lífsleikni 8.bekkur 2021-2022

## Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla hvílir útfærsla lífsleikni í 8. bekk annars vegar á viðfangsefnum þar sem sjálfspækking, þroski og mannrækt er í brennidepli og hins vegar á viðfangsefnum þar sem ytri þættir daglegs lífs eru í fyrrúmi. Mikiláhersla er á ábyrgð nemandans á námi sínu og nemendalýðræði. Leitast verður við að beita fjölbreyttum kennsluháttum; umræðum, einstaklingsmiðuðu námi, hlutverkaleikjum, leikrænni tjáningu, dagblöðum og myndböndum.

## Námsáætlun

Haust 2021- 8. bekkur

Lífsleikni- námsáætlun

Vika	Dags.	Markmið	Heiti verkefnis	Hæfniviðmið
1	23. - 27. ágúst	Kynning á áfanga. Hópefli		- tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi
2	28. - 2. sept	Upprifjun	Gildin mín	Rökstudd gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismat, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
3	6. - 10. sept.	Klára verkefnið Gildin mín	Gildin mín	
4	13. - 17. sept.	Náttúran í nærumhverfinu. Útitími	Náttúran í nærumhverfinu. Hópverkefni	- aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,
5	20. - 24 . sept.	Náttúran framhald		
	27. sept. - 1. okt	Útitími		Afleysing
6	4. - 8. okt.	Að meta kosti og galla snjallsímanotkunar.	Kostir og gallar snjallsímanotkunar. Hópverkefni/plakat	-flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. -útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,
7	11. - 15. okt	Að meta kosti og galla snjallsímanotkunar.		
8	18. - 22. okt	Fyrirmyndir Staðalmyndir og fordómar	Hver er þín fyrirmynd? Einstaklingsverkefni	- vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt, -lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmýnd hans, svo sem úr nær samfélagi, umhverfi og

menningu,

9	25. - 29. okt.	Haustfrí		
12	1. - 5. nóv Baráttudagur gegn einelti 8. nóv.	Máttur orða plakat, hópverkefni	Orð bera ábyrgð	- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
13	8. - 12. nóv.	Máttur orða	Orð bera ábyrgð	
14	15. - 19. nóv. Dagur mannréttinda barna 20. nóv.	Mannréttindi barna-	Verkefni 2-3 saman	-sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,
15	22. - 26. nóv.	Mannréttindi barna-		
16	29. nóv - 3. des.	Núvitund 1	spurningar/verkefni	- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði, -lýst margbreytileika tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta
17	6. - 10. des.	Núvitund 3	spurningar/verkefni	
18	13. - 17. des	Núvitund 4	spurningar/verkefni	

Birt með fyrirvara um breytingar

## Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar í lífsleikni

Grunnþáttur	Áhersluþættir - 8. bekk Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• stuðlar að jákvæðum skólabrag,</li><li>• sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,</li><li>• tekur þátt í samvinnuverkefnum,</li><li>• nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og við samskiptum við aðra,</li><li>• temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum,</li></ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"><li>• fer eftir reglum við samskipti sín við aðra,</li><li>• tekur tillit til skoðana annarra,</li><li>• kemur fram við starfsfólk af tillitssemi og virðingu,</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar,</li><li>• vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt,</li><li>• temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,</li><li>• les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir,</li><li>• nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla,</li></ul>

Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varðar nærumhverfi hans,</li> <li>• þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,</li> </ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna,</li> <li>• nýtir hæfileika sýna og skapar afurð.</li> </ul>

## Námsmat

20% Þátttaka og virkni í tímum

60% Verkefni

20% Hugleiðingabók / núvitund

Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn er gefin út frá verkefnum ofl. (sjá námsmat). Skila verður verkefnum úr öllum umfjöllunarefnum áfangans til að teljast hafa lokið áfanganum.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. Ef hann missir af hópaverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni í samráði við kennara.

## Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti	samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu og tillitssemi
Mæting	nemendur mæti á réttum tíma með kennslugögn í kennslustundir
Virkni í tímum	nemendur fari eftir fyrirmælum kennara og nýti kennslustundir vel
Skil á verkefnum - sein skil	nemendur skili verkefnum samkvæmt námsáætlun og upplýsingum í Mentor
Ritstuldur	nemendur skrifi ekki upp eftir öðrum
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	nemendur nýti sér orðabækur og hjálpargögn á Netinu
Skyldur nemenda	nemendur beri ábyrgð á námi sínu og virði vinnu samnemenda og kennara
Skyldur kennara	að miðla þekkingu og leitast við að mæta ólíkum þörfum nemenda
Stoðþjónusta nemenda	sérkennarar, stuðningsfulltrúar og námsráðgjafi